

Sp. 364. Reglur um útvarp frá Alþingi,

settar af forsetum í samráði við þingflokka.

1. gr.

Útvarpa skal þingsetning og þinglausnum.

Þá skal og útvarpa framsöguræðu fjármálaráðherra um frv. til fjárlaga og, ef óskað er, hálftrar stundar ræðum af hálfu annara þingflokka, enda hefir fjármálaráðherra þá og rétt til stundarfjórðungs svarræðu.

2. gr.

Þegar útvarpað er umræðum um þingmál, skulu þingflokkar hafa rétt til jafnlangs ræðutíma og forsetar gefa þingmönnum færi á að taka til máls þannig, að flokkarnir skiptist á.

3. gr.

Við framhald fyrstu umræðu fjárlaga í neðri deild og fyrstu umræðu í efri deild mega ræður í fyrstu umferð vara eina stund, en síðan hálfu stund þrjár umferðir og enn aðrar þrjár stundarfjórðung. Skal þá útvarpi umræðna um fjárlög að fullu lokið. Sama regla gildir um útvarp umræðu um vantraust.

Það er umferð, þegar fulltrúar allra þingflokka hafa tekið til máls.

4. gr.

Þegar útvarpað er umræðum um önnur mál en fjárlög, skal hverjum þingflokki heimill hálftrar stundar ræðutími í fyrstu umferð, en úr því stundarfjórðungs.

Ekki skal útvarpað lengur en þrjár stundir við hverja umræðu, nema samþykki allra þingflokka komi til.

5. gr.

Nú óskar þingflokkur, að umræðu verði útvarpað, og snýr þá fornaður flokksins tilmælum sínum til forseta. Skal forseti þegar tilkynna það formönnum annara þingflokka, en þeir leita samþykkis flokks síns svo fljótt sem auðið er. Útvarpa skal umræðu þegar samþykki allra flokka kemur til.

6. gr.

Nú næst ekki samkomulag milli þingflokka um útvarp umræðu, og skal forseti þá tilkynna það þeim, sem kröfuna átti. Ef þingflokkur ítrekar kröfu sína, skal umræðunni útvarpað. Réttur til útvarps án samþykkis annara þingflokka nær þó ekki lengra en til tveggja umræðna umfram þann flokk, sem sjaldnast hefir neytt þessa réttar.

7. gr.

Dag og stund útvarpsumræðu skal tilkynna í útvarpi og á þingfundi svo fljótt sem unnt er.

8. gr.

Umræðum skal útvarpa í sömu röð og kröfur um útvarp bárust forseta, enda sé að öðru leyti fullnægt ákvæðum þingskapa. Forseti getur þó vikið frá þessari röð, ef sérstakar ástæður liggja til.

9. gr.

Formenn þingflokka eru réttir aðilar gagnvart forseta og þingmönnum flokksins um allt það, er að útvarpi umræðna lýtur.

10. gr.

Forseti sker úr ágreiningi, sem verður um skilning á reglum þessum eða framkvæmd þeirra.